



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið



Hálsaskógur

2021 – 2022



Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.

Efnisyfirlit

Leiðarljós leikskólans: Leikur, virðing, vinátta.....	2
1 Greinargerð leikskólastjóra	3
2 Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2020-2021	4
3 Innra mat deilda	13
4 Innra mat sérkennslu.....	38
5 Innra mat – fjöltyngd börn	39
6 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla.....	41
7 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva.....	42
8 Foreldrasamvinna.....	43
9 Skipulagsdagar og leikskóladagatal	45
Skipulagsdagar 2021-2022	45
10 Fylgigögn.....	0
10.1 Fylgiskjal 3 - Umsögn foreldraráðs	0
10.2 Fylgiskjal 4 - Endurmatsblöð	5

Leiðarljós leikskólans: Leikur, virðing, vinátta.

Leikur

- Leikurinn er allan daginn.
- Lærum í gegnum leikinn, bæði börn og starfsfólk.
- Gleði.
- Unnið er út frá áhugasviði hvers og eins.
- Frjálsi leikurinn er í hávegum hafður.
- Sjálfsprottin leikur.
- Útileikir.
- Hreyfileikir og leikir unnið út frá tónlist.
- Boðið upp á fjölbreyttan efnivið sem hvetur börnin til að sköpunar.
- Notum leikinn til að byggja traust.

Virðing

- Að hlusta á aðra, allir hafa rödd og skoðanir.
- Að eiga góð og jákvæð samskipti.
- Vera góðar fyrirmyndir, börn og starfsfólk.
- Sýna fordómaleysi, börn og starfsfólk.
- Öll erum við einstök með ólíkar þarfir.
- Efla sjálfsvirðingu.
- Að nálgast hvern og einn á þeirra forsendum.
- Sanngirni, þolinmæði, áhugi og sveigjanleiki.
- Bera virðingu fyrir umhverfi og náttúru.
- Bera virðingu fyrir samstarfsfólki.
- Sýna góðmennsku.

Vinátta

- Traust og heiðarleiki.
- Sýna umhyggju.
- Opín og jákvæð samskipti og að samskipti séu í báðar áttir.
- Sýna samkennd og væntumþykju.
- Sýna fordómaleysi, börn og starfsfólk.
- Gleði.
- Að hlusta á aðra.
- Að deila með öðrum.
- Að kunna málamiðlun.
- Samvinna og samstarf.
- Hjálpssemi.
- Sýna umbyrðarlyndi og virðingu.
- Að tilheyra.

1 Greinargerð leikskólastjóra

Skólaárið 2020-2021 hefur gengið ótrúlega vel þrátt fyrir afar sérstakar aðstæður í samfélaginu vegna covid 19. Við höfum stóran hluta ársins starfað í sóttvarnarhólfum þar sem starfsfólk og börn hafa verið aðskilin og foreldrar hafa ekki mátt koma inn í húsin. Með stuttum fyrirvara höfum við þurft að bregðast við hertum sóttvarnarreglum og hefur það gerst oftar en einu sinni. Í þessum aðstæðum hefur starfsfólk verið ótrúlega sveigjanlegt og skilningsríkt þegar það hefur þurft að breyta vinnutíma sínum með stuttum fyrirvara, aukin vinna hefur verið lögð á það við að sótthreinsa leikföng og annað í umhverfinu. Auk þessa bættist við að finna úrlausn á styttingu vinnuvikunnar frá og með áramótum. Foreldrar hafa ekki getað tekið þátt í viðburðum sem þeim er venjulega boðið á, foreldrasamtöl hafa farið fram í gegnum fjarfundi eða með símtölum og sýningar á verkum barna þeirra hafa farið fram í gluggum deildanna. Foreldrar hafa sýnt öllum þessum aðstæðum mikinn skilning og færir undirrituð þeim bestu þakki fyrir það. Hetjurnar í þessu öllu saman eru þó börnin sem hafa með einstakri aðlögunarhæfni lagað sig að því að kveðja foreldra sína í hurðum leikskólans á morgnana, lært að þvo hendurnar sérstaklega vel og jafnvel að hitta ekki vini á öðrum deildum svo vikum skipti. Þetta hefur orðið til þess að sjálfsbjargarviðleitni þeirra hefur aukist mikið og þá sérstaklega með að klæða sig í og úr útifötum!

Það er óhætt að segja að stytting vinnuvikunnar hafi verið mesta áskorunin síðastliðinn vetur. Starfsmannahópurinn kaus að fara strax í fulla styttingu eða 36 klukkustunda vinnuviku. Deildarstjórar sjá um að skipuleggja styttingu fyrir sitt starfsfólk út frá því sem hentar deildunum. Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri skipuleggja fyrir restina af starfsmannahópnum og halda utan um allt skipulagið. Þetta hefur gengið nokkuð vel og hafa starfsmenn nánast undantekningarlaust komist í sína styttingu. Það hafa komið tímabil þar sem mikið álag hefur skapast, því veikindi og orlof hafa bæst við styttinguna, og höfum við tvisvar sinnum þurft að senda heim börn eftir hádegi á tveimur deildum vegna þessa. Þrátt fyrir að starfsfólk finni fyrir auknu álagi í starfinu vegna styttingarinnar þá vill það halda henni inni því það finnst öllum gott að vita af styttri vinnudegi einu sinni í viku!

Í sumar verður hafist handa við framkvæmdir í garðinum í Borg og þegar því verður lokið verður garðurinn í Koti einnig tekinn í gegn. Þetta mun fara fram í þremur til fjórum áföngum. Garðinum í Borg verður gjörbreytt þar sem, meðal annars, verður útbúið útínámssvæði sem við höfum verið að bíða eftir í nokkur ár! Áætluð verklok fyrsta áfanga eru 15. september en þá verður allavega helmingur garðsins í Borg tilbúinn. Á meðan þessu fer fram verður ansi þröngt á þingi hjá okkur bæði í görðum og á bílastæði en við munum mæta því með brosi á vör og hlakka til að fá skemmtileg og flott útileiksvæði fyrir börnin okkar.

Þrátt fyrir erfitt ár þá mældist starfsánægja mjög góð í viðhorfsskönnun starfsmanna sem var gerð í mars s.l. Í kjölfarið fékk Hálsaskógur viðurkenningu fyrir að vera „fyrirmyndar starfsstaður“ og erum við afar stolt af því. Þessu verða gerð nánari skil í kafla 2. Ráðgert hafði verið að fara í námsferð vorið 2021 en henni hefur verið frestað um eitt ár og er ætlunin að fara í apríl 2022 þar sem við munum nota tvo skipulagsdaga í það. Starfsmannamál hafa verið í góðum málum í Hálsaskógi síðastliðið ár. Um áramót byrjaði nýr deildarstjóri á Reynilundi en fyrri deildarstjóri fór í önnur störf innan leikskólans. Vegna aukinnar sérkennslu byrjuðu tveir nýir starfsmenn um áramót en sérkennsla mun minnka aftur í haust og mun þá fækka aftur í starfsmannahópnum. Ekki eru fyrirhugaðar miklar breytingar í starfsmannamálum haustið 2021. Einn starfsmaður kemur úr fæðingarorlofi, fjórir

starfsmenn hætta vegna fækkunar á stöðugildum og ekki er gert ráð fyrir að neinir nýir bætist í hópinn. Það verður því hægt að byrja starfið af fullum krafti strax í byrjun skólaárs með reyndum og þjálfuðum starfsmannahóp og lítum við björtum augum á framtíðina.

2 Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2020-2021

Innra mat

Innra mat fer fram reglulega yfir allt skólaárið í Hálsaskógi. Það er gert á deildarfundum, stjórnendafundum, á skipulagsdögum og með börnunum, bæði einstaklingslega og í litlum hópum. Notast er við endurmatshefti (sjá fylgiskjal 4) þar sem endurmatið er skráð í og einnig er unnið eftir umbótaáætlun úr starfsáætlun síðasta árs.



Eftir fordæmalaust ár þá er ljóst að okkur hefur tekist að vinna að mörgum þeirra þátta sem við höfðum ætlað okkur en einhverju náðum við ekki og hefur því verið ákveðið að halda áfram að vinna að sömu þáttum og undanfarið ár.

Hvað var metið?	Hvernig fór matið fram?	Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og veikleikar)
Menntastefnan. Útinám og læsi	Á deildarfundum, skipulagsdögum. Notast við demantaaðferðin a í mati með börnunum.	Starfsmenn og börn	Almennt hefur þetta tekist vel. Það hefur verið farið reglulega í útinám þar sem lögð er áhersla á félagsfærni og læsi. Mörg skemmtileg verkefni hafa verið unnin í tengslum við það. Yfir dimmstu vikurnar hefur útinámið dottið niður, sérstaklega hjá yngri börnunum.

Uppeldi til ábyrgðar	Á deildarfundum, skipulagsdögum. Notast við demantaaðferðin a í mati með börnunum.	Börn og starfsfólk	Margt hefur áunnist í uppeldi til ábyrgðar. Við erum að hefja sjötta árið okkar í anda stefnunnar og metum það þannig að ákveðnir þættir hennar hafa vaxið á meðan aðrir hafa ekki náð fótfestu. Þeir þættir sem hafa náð fótfestu munum við halda áfram með og markmið okkar fyrir komandi skólaár er að leggja aukna áherslu á þarfirnar og þarfagreina börnin , þ.e. að greina þeirra ríkustu þörf eins og við gerum í starfsmannhópnum.
Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna	Á deildarfundum, skipulagsdögum. Notast við demantaaðferðin a í mati með börnunum.	Börn og starfsfólk	Allt starfsfólk er meðvitað um að starfið okkar snýst að öllu leyti um Barnasáttmála sameinuðu þjóðanna, þar sem við höfum ávallt réttindi barnsins í forgrunni og berum virðingu fyrir öllum börnum og skoðunum þeirra. Við höldum áfram vegferðinni að því að verða réttindaskóli Unicef og verkefni hafa verið unnin með 4 ára börnunum í vetur. Það vantar upp á sameiginlegar skráningar á

			því hvaða verkefni voru unnin. Við viljum því halda betur utan um þessa vinnu á komandi skólaári og vera duglegri að hittast í stýrihóp og ræða hvað gengur vel og hvað gengur ekki eins vel.
Grænfáni			Við unnum vel að þeim markmiðum sem sett voru í upphafi skólaárs og við erum afar stolt af þeirri vinnu sem hefur verið unnin hjá okkur í þemanu um Átthaga og landslag. Það má segja að þessi vinna hafi verið rauði þráðurinn í gegnum allt starfið okkar þar sem samþætting við aðra þætti voru áberandi. Við skiluðum grænfánaskýrslu á vordögum og fengum afhentan okkar 8.grænfána. Það var líka mikill samtakamáttur í starfsfólkinu í gegnum þetta þema og hann veitti bæði okkur og börnunum mikla gleði. Við munum velja okkur nýtt þema næsta haust og það verður spennandi að halda áfram að þróast sem Grænfánaskóli.

Ytra mat

Ár hvert eru gerðar viðhorfskannanir hjá starfsmönnum og foreldrum. Þessar kannanir er framkvæmdar af Skóla- og frístundasviði Reykjavíkurborgar.

Viðhorfskönnun starfsmanna kom mjög vel út og voru niðurstöður hennar svipaðar og á síðasta ári. 82,4 prósent starfsmanna svöruðu könnuninni þetta árið. Meðaltal allra þátta var 4,48 stig af fimm mögulegum. Þeir þættir sem komu best út voru: hæfir og áhugasamir starfsmenn, árangursríkir stjórnunarhættir og starfsánægja. Í kjölfar niðurstaðna

viðhorfskönnunarinnar var Hálsaskógur útnefndur sem fyrirmyndar vinnustaður hjá Reykjavíkurborg. Einn þáttur kom ekki nógu vel út en 2,4 % starfsmanna svöruðu að þeir hefðu orðið fyrir áreitni af hálfu annars starfsmanns. Það var strax skoðað af leikskólastjóra og hefur tekist að vinna úr því máli á farsælan hátt.



Viðhorfskönnun foreldra kom einnig vel út og voru niðurstöður nokkuð svipaðar niðurstöðum síðasta árs. Svarhlutfall var 84%. Það sem var áhugavert var að opin svör foreldra lituðust nokkuð af ástandinu sem hefur verið í samfélaginu síðastliðið ár, þ.e. vegna covid. Þar kom meðal annars fram að einhverjum fannst að leikskólinn mætti hvetja foreldra meira til þátttöku í starfinu og að það mætti auka samstarf við foreldra. Þessar athugasemdir eru að sjálfsögðu teknar til greina en tekið skal fram að í venjulegu árferði hafur verið unnið vel að þessum þáttum í Hálsaskógi.

Hvað var metið?	Hvernig fór matið fram?	Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og veikleikar)
Viðhorfskönnun starfsmanna	Rafræn spurningakönnun	Starfsmenn	Þeir þættir sem skoruðu hæst voru stjórnun, jafnrétti og jafnræði og starfsánægja. Þeir þættir sem skoruðu lægst snéru að vinnuálagi og mældust þeir á bilinu 2,6-3,54 stig og vinnuaðstöðu sem mældist með 3,83 stig.
Viðhorfskönnun foreldra	Rafræn spurningakönnun	Foreldrar	Heildaránægja með leikskólann var 4,58 stig af 5 mögulegum. 4,6 telja að barni sínu líði vel í leikskólanum og að starfsfólk styðji vel við börnin. 4,51 telja að leikskólanum sé vel stjórnað og 4,38 telja stjórnendur til staðar í daglegu starfi. Helstu veikleikar voru tengdir samvinnu við foreldra þar sem spurningin um að leikskólinn leiti til foreldra eftir tillögum og hugmyndum fékk 3,12 stig, að leikskólinn héldi

			foreldrum upplýstum um framfarir barnsins fékk 3,88 stig og að þeir væru hvattir til þátttöku í leikskólastarfinu fékk 3,53 stig.
--	--	--	---

Umbótaáætlun leikskólans 2021-2022



UMBÓTAPÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig og hvenær metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Stjórnun							
Vinnuaðstaða starfsmanna	Bæta starfsmanna aðstöðu	Óska eftir skála/gámum fyrir aðstöðu til undirbúnings og kaffistofur	Leikskóla stjóri og SFS	Haust 2021	Óvíst		Góð aðstaða verður fyrir starfsmenn í undirbúningi og til að taka kaffipásur.
Námskrá	Uppfæra námskrá leikskólans og starfsmannahandbók	Starfsmenn og stjórnendur fara yfir námskrá og starfsmannahandbók á skipulagsdögum og deildarfundum.	Stjórnendur	Ágúst 2021	Apríl 2022	Með starfsmönnum á skipulagsdögum og stjórnendur á stjórnendafundum	Upplýsandi og endurbætt námskrá og starfsmannahandbók sem mun nýtast starfsmönnum og foreldrum vel.
Uppeldis- og menntastarfið							
Foreldrastarfið	Fá raddir foreldra meira inn í starfið	Sendum stuttar kannanir til foreldra varðandi einstaka viðburði.	Stjórnendur	Haust 2021	Haust 2022	Viðhorfskönun foreldra framkvæmd af SFS vorið 2022	Niðurstöður verði hærra en 4 stig þar sem spurt er um hvort leitað sé til foreldra eftir hugmyndum

							og tillögum varðandi starfið.
Mannauður/ Leikskólabragur							
Lýðræði	Að hlusta enn frekar á raddir barnanna	Fá meira fram hugmyndir frá börnunum um hvað er hægt að gera í ýmsum þáttum, s.s. lestur bóka, vinnustundir, útinám o.fl.	Deildarstjórn jórar	Allt af	Allt af	Endurmat með börnunum með samtölum í litlum hópum, kosningar um ýmsa þætti í starfinu. Umræður starfsmanna á skipulagsdögum og deildarfundum.	Börnin í leikskólanum verða örugg og vita að það er hlustað á og tekið tillit til skoðana þeirra.
Útinám og læsi	Útinám og læsi verði enn meiri hluti af daglegu starfi í Hálsaskógi	Öll börn fara einu sinni í viku á útinámssvæðið. Farið verður í gegnum Sögugrunnin n með öllum	Deildarstjórn jórar	Ágúst 2021	Allt af	Starfsmenn endurmeta á deildarfundum. Endurmat með börnunum með samræðum í	Börnin læra að þekkja náttúruna og umgangast hana af virðingu. Börnin verða læs á umhverfi sitt

		börnum og unnið með að búa til sögur út frá því.				litlum hópum og demantaaðferðinni.	og geta tileinkað sér sagnagerð til að auka við ímyndunaraflið.
Innra mat							
Uppeldi til ábyrgðar	Þróa starfið áfram	Þarfagreina börnin í samstarfi við foreldra	Deildastjórnar	Haust 2021	Vor 2022	Endurmat með börnunum og umræður á deildarfundum	Starfsmenn ná að lesa betur í þarfir hvers og eins barns.
Barnasáttmáli sameinuðu þjóðanna	Aukin samvinna um sameiginleg markmið starfsins innan starfshópsins	Halda betur utan um skráningar þeirra verkefna sem unnin eru með 4 ára börnunum.	Stjórnendur og starfsfólk	Haust 2021	Vor 2022	Stýrihópur sem heldur utan um Barnasáttmálann.	Börn og starfsfólk þekki inntak Barnasáttmálans og innihald hans verði samofið daglegu starfi leikskólans.
Lotuvinna	Að gera dagskipulag sveigjanlegra.	Vinna í lotum út frá myndlist, hreyfingu og tónlist.	Stjórnendur	Haust 2021	Vor 2022	Stjórnendafundur og deildarfundir	Meiri sveigjanleiki verður í dagskipulaginu og kafað verður dýpra í viðfangsefnin.

3 Innra mat deilda

Stutt greinagerð deildastjóra Furulundar

Árið 2020-2021 var engu líkt. Það að hugsa út fyrir kassann hefur glænýja merkingu í mínum huga. Strax í upphafi stefndi í krefjandi ár. Við fengum glænýja deild, 18 börn, og þau voru öll undir 2 ára þegar þau byrjuðu. Flest þeirra eiga ekki systkini og þar sem þau voru svo ung þá voru þau að stíga sín fyrstu skref í dagvistun. Svo var það Covid, allir í sinni litlu kúlu og höfðu varla hitt ömmur og afa. Síðan mæta þau í leikskólann þar sem eru fullt af allskonar fólki og börnum sem þarf að eiga samskipti við.

Við breyttum fyrirkomulagi aðlögunarinnar til þess að framfylgja sóttvarnarlögum. Við vorum með litla hóp, fyrir og eftir hádegi. 4-5 börn í hverjum hóp á meðan foreldrarnir voru með börnunum. Á fjórða degi mættu börnin í leikskólann og kvöddu foreldra sína. Þá gátum við tekið á móti báðum hópnum á sama tíma. Þetta fyrirkomulag reyndist okkur mjög vel og mig langar að prófa það aftur í haust þó ég sé að fá helmingi færri börn inn.



Í aðlöguninni unnu börnin hús með foreldrum sínum til að hafa upp á vegg í tengslum við uppeldis stefnu leikskólans, Uppeldi til ábyrgðar. Á húsunum þeirra voru myndir af þeim og því sem þeim þykir vænt um. Þetta er liður í að skapa börnunum öruggan stað í leikskólanum. Þessi hópur var fljótur að aðlagast og hafði lítinn áhuga á húsunum sínum þegar fram liðu stundir. Þau voru meira í því að skoða hús annarra barna.

Allir einstaklingarnir sem byrjuðu hjá okkur í haust eru ákveðnir og vita hvað þau vilja. Í upphafi gengu samskipti barnanna misvel. Bæði vegna þess að þau hafa fæst þurft að deila dóti heima og það reyndust vera nokkrir einstaklingar sem þurftu á aukinni aðstoð að halda í daglegum athöfnum. Sérkennslan á deildinni hefur verið óvenju þung þetta árið en það er blessunarlegt hvað börnin á Furulundi eru einstaklega kærleiksrík. Þau eru dugleg að passa upp á hvort annað, hugga og knúsa þá sem þurfa.

Þemavinna á deildinni hefur ekki verið starfrækt og er áfram umbótaþáttur á næsta ári. Ástæðan var einfaldlega sú að barnahópurinn var svo ungur í ár. Við höfum verið að leggja grunninn að allskonar grunnfærni. Til dæmis, höfðu sum börn aldrei haldið á gaffli, hvað þá pensli og það að sitja og hlusta reyndist mörgum mjög erfitt. Þar af leiðandi var erfitt að kynna fyrir þeim ákveðin viðfangsefni til þess að vinna sérstaklega með. Við lögðum áherslu á að kenna þeim grunnfærni við daglegar athafnir. Við vorum að lita, líma og föndra, æfa okkur að borða sjálf og drekka úr glasi.

Útinámið fór mjög vel af stað, við byrjuðum strax eftir aðlögun. Markmiðið var að fara með hvert barn að minnsta kosti einu sinni á tveggja vikna fresti. Þessi hópur var svo tilbúin í göngutúr og útinám að fljótlega vorum við farin að fara með aðeins stærri hóp og hvert barn fór vikulega í útinám. Hóparnir fóru ekki langt en það var alltaf farið. Útinámsferðirnar féllu niður yfir myrkasta skammdegið og síðan dróst það að byrja aftur eftir áramót. Útinámið eftir áramót hefur verið óreglulegt og verður því aftur til endurbóta á næsta ári.

Fæst barnanna voru farin að tala þegar þau byrjuðu í leikskólanum og við lögðum mikla áherslu á málörvun í daglegu starfi. Við settum orð á alla hluti, notuðum sjónrænar leiðbeiningar og lásum sérstaklega fyrir hvert barn. Stuttar sögustundir þar sem hvert barn fékk sérstakan tíma með einum kennara. Öll börnin gátu hlustað á söguna en aðal athyglin var á barninu sem sat í fangi. Það barn var hvatt til samræðna. Þetta gekk misvel, sum börn voru mjög móttækileg á meðan önnur höfðu engan áhuga. Þau börn sem sýndu bókum ekki áhuga fengu annarskonar verkefni og hluti til að skoða í einstaklings samveru með kennara. Okkur langar að dýpka okkur enn frekar í málörvuninni og bæta tákni með tali inn í daglegt starf okkar. Við teljum að öll börn muni græða á góðri málörvun og tákni með tali getur reynst góð viðbót við það sem við erum nú þegar að gera.

Þrátt fyrir strembið upphaf á skólaárinu þá tel ég að við höfum náð að hlúa einstaklega vel að þessum barnahópi. Við áttuðum okkur fljótlega að í hópnum voru einstaklingar sitthvoru megin á getuskalanum, börn sem þurftu öðruvísi nálgun og meiri hjálp en önnur börn. Okkur tókst að koma til móts við hvert og eitt barn og mæta þeim þar sem þau eru stödd. Eftir áramót fengum við aukinn stuðning inn á deild sem gerir það að verkum að hvert barn sem þarf aukna aðstoð fær einstaklingsþjálfun. Það hefur reynst dýrmætt og við erum að sjá mjög miklar framfarir hjá þeim börnum. Ég tel að við höfum skapað börnunum öruggan stað í leikskólanum. Þau mæta sjálfsörugg og glöð á hverjum degi í leikskólann tilbúin að taka þátt í öllu því sem við tökum okkur fyrir hendur.

UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Textann í þessari línu má taka út, aðeins til leiðbeiningar	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmum við það?	Hver ber ábyrgð, Hver framkvæmir			Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýnihópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
Þemavinna	Markviss vinna með ákveðin hugtök / þemu	Við höfum ákveðið þema fyrir mánuðinn en hver deild útfærir sína vinnu með börnunum. Fastar stundir eftir kaffi.	Allt starfsfólk á deildinni ber sameiginlega ábyrgð á framkvæmd.	Ágúst 2021	Júní 2022	Við metum árangurinn á deildarfundum. Virkni barnanna þegar við vinnum verkefnið og einstaklings samtöl við hluta barnanna. Notum myndir þannig börnin geti haft áhrif á viðfangsefnin.	Hafa lokaverkefni sem verður til sýnis fyrir foreldra.
Útinám	Að öll börn fari í	Fara í ferðir með litlir	Allt starfsfólk á	Ágúst 2021	Júní 2022	Við metum árangur á deildarfundum	Við stefnum að því að

	útikennslu amk. 1 sinni á tveggja vikna tímabili. Markvissari ferðir eftir áramót.	hópar (4-6) með tveim starfsmönnum Setja ákveðna dagsetningu eftir áramót, hvenær útinám hefst aftur.	deildinni ber sameiginlega ábyrgð á framkvæmd.			Setjum upp skjal og merkjum inn dagsetningar og hóp barnanna sem fara í ferðina hverju sinni. Einstaklings samtöl við hluta barnanna. Nota myndir til að fá börnin til að velja hvert leiðin liggur.	börnin þekki nærumhverfi sitt, nái færni í að ganga saman í hóp.
Markviss málörvun	Tileinka okkur tákn með tali. Höldum áfram með einstaklings miðaðar lestrar stundir	Hafa táknin sýnileg á veggjum og nota þau í daglegu tali. Hvert barn fær sögustund amk. 3 sinnum í viku helst á hverju degi. Barnið fær að velja þá bók sem lesin er.	Allt starfsfólk á deildinni ber sameiginlega ábyrgð á framkvæmd.	Ágúst 2021	Júní 2022	Við metum árangurinn á deildarfundum. Metum hvort börnin tileinki sér tákn og noti þau í samskiptum sínum við aðra.	Börn á þessum aldri munu öll græða á því að notað sé tákn með munnlegum fyrirætlum. Í raun er þetta bara bónus við allt annað sem við erum að gera. Börnin sýna bókum aukinn áhuga og kunna að fara með bækur.

Stutt greinagerð deildastjóra Birkilundar

Útinám: Útinám var miklu markvissara í vetur heldur en veturinn á undan. Öll börn fóru að jafnaði einu sinni í viku í útinám og skipti þá litlu máli hvernig veðrið var. Í haust fóru börnin hvert í sínum hóp með sínum kennara en þegar leið á skólaárið prófuðum við að fara með alla deildina saman öðru hverju í útinámið og gekk það vel. Búið er að setja upp góðan gagnabanka fyrir útinám sem gott er að leita í, deildir eiga líka orðið heilmikið af tækjum og tólum sem hægt er að nota í útináminu. Börnin voru oft höfð með í ráðum hvað ætti að gera í útináminu bæði þegar þau fóru í litlum hóp og stórum. Þá var búið að setjast niður með þeim til að heyra hvað það væri sem þeim langaði til að gera, stundum settust hóparnir niður og stundum sátu þau öll saman og ræddu hvað þau vildu gera í útináminu. Oft komu fram margar misjafnar skoðanir á því hvað ætti að gera og þurfti þá hópurinn að finna lausn sem allir voru sáttir við.

Demantaaðferð. Síðastliðið skólaár settum við okkur það markmið að gera einn demant í mánuði því miður gekk það ekki upp hjá okkur. Við ætlum því að setja okkur markmið sem auðveldara er að standa við og gera tvo demanta á hverri önn. Hópstjórar vinnustunda bera ábyrgð á því að gera demant með sínum hóp í vinnustund, með því vonumst við til að þetta verði unnið markvissara og skilvirkara þannig að öll börn á deildinni komi að því að endurmeta starfið á deildinni.

Uppeldi til ábyrgðar. Vel gekk að vinna með uppeldi til ábyrgðar og náðum við flestum markmiðum sem við settum okkur. Hópstjórar gerðu Y spjöld með sínum hóp í vinnustundum og það sem á þeim stóð var lesið fyrir allan hópinn í samverustund þar tóku börnin út þá þætti sem þeim þótti mikilvægastir og settu í deildarsáttmála. Þau bjuggu síðan til deildarsáttmála þar sem þau teiknuðu mynd af sér og kennurunum og settu síðan þá þætti sem þau völdu á myndina. Við náðum ekki fara yfir með þeim hvaða eiginleika þau hefðu hvort þau væru stjarna, blaðra, fiðrildi eða hjarta og langar okkur til að vinna með það í vetur. Gott gæti verið að hafa það sem þemavinnu í haust, byrja á því að kynna fyrir börnunum hvað felst í því að vera blaðra, fiðrildi, hjarta og stjarna svo þau viti hvað felst í hverjum þætti áður en þau finna út úr því hvar þeirra styrkleikar liggja.

Spila með börnunum. Þarna höfum við alls ekki staðið okkur nógu vel og stefnum við að því að bæta okkur. Vera duglegri að finna stund og stað til þess að spila, að þeir kennarar sem eru duglegir að spila og finnst gaman að spila hvetji þá kennara sem eru ekki eins duglegir að spila til að spila og minni þá á að spila með börnunum. Að þeir kennarar sem eru áhugasamir og duglegir að spila með börnunum noti hluta af sínum undirbúning til að kynna sér þau spil sem til eru og kynna þau síðan fyrir öðrum kennurum á deildinni t.d á deildarfundum

Vinnustundir. Síðasta skólaár settum við okkur það að hafa vinnustundir skipulagðari og markvissari þannig að allir kennarar á deildinni vissu að hverju væri stefnt með hvern hóp. Ákváðum við á



deildarfundum að hópstjórar notuðu hluta af undirbúningstíma til að finna verkefni sem myndu hæfa hverjum hóp. Farið var reglulega yfir á deildarfundum hvað gekk vel og hvað mætti betur fara. Kennarar á deildinni voru duglegir að aðstoða hvern annan og fannst öllum þetta mikla og góða samstarf styrkja okkur sem heild. Hópstjóri fór reglulega yfir með börnunum hvernig þeim þætti það sem þau hefðu verið að vinna að í vinnustundum. Í þessari umræðu komu börnin oft með hugmyndir að hvað þeim langaði til að gera og hvernig hægt væri að útfæra hugmyndir þeirra. Það fór svolítið eftir aldri og þroska barnanna í hverjum hóp hversu mikið kom frá honum. Í þessari umræðu komu börnin oft með hugmyndir hvað þeim langaði til að gera og hvernig hægt væri að vinna það í vinnustundum. Hópurinn var ekki alltaf sammála og þurftu þau þá að finna lausn

sem allir voru sáttir við. Hópstjórar pössuðu upp á það að raddir allra barna í hópnum heyrðust. Við teljum að við höfum náð öllum þeim markmiðum sem við settum okkur en auðvitað ætlum við að halda áfram að þróa gæði vinnustunda á deildinni.

Félagsfærni. Síðasta vetur hefur okkur stundum fundist vanta upp á félagsfærni barnanna á deildinni sem hefur valdið því að þeim líður ekki nógu vel í eigin skinni og árekstrar verða barnahópnum. Auðvitað hefur þessi vetur verið mörgum börnum erfiðari vegna ástandsins í þjóðfélaginu. Okkur langar því næsta vetur horfa vel á félagsfærni barnanna í barnahópnum með það að markmiði að börnin öðlist meiri færni í að starfa saman, eiga góð samskipti, læra að setja sig í spor annarra, sýna hvort öðru góðvild og virðingu og vera læs á tilfinningar hvors annars. Þannig að þegar félagsleg vandamál koma upp í barnahópnum þá hjálpist börnin við að finna sameiginlega lausn sem allir eru sáttir við og engum finnst á sinn rétt gengið. Kennarar gera samskiptamat fyrir hvert barn á deildinni sem farið verður yfir á deildarfundi með því sjáum við kennarar hvernig okkar samskipti eru við börnin á deildinni og getum fundið leiðir til að bæta það sem þarf.

Börn með íslensku sem annað tungumál: Á næsta skólaári verða fleiri börn með íslensku sem annað tungumál inn á Birkilundi heldur en hafa verið síðustu ár. Við þurfum því að setja okkur strax markmið og leiðir í vinnu okkar með þessum börnum svo vinnan inn á deild verði sem markvissust. Einn eða tveir kennarar munu hafa yfirsýn og fylgjast með því að tvítyngdu börnin séu tekin í stuðning þar sem þörf er á því. Við ætlum að fá ráðleggingar frá sérkennslustjóra með hvaða efni hún mæli með að notuð séu við íslensku kennslu tvítengdra barna. Við þurfum að setja niður hvaða hjálpartæki ætlum við að nota eins og í stafrænni tækni, þar er til fullt af góðum forritum og leikjum sem gott er að nota til að kenna íslensku. Við ætlum að fara vel yfir hópaskiptingu í vinnustundum, lesstundum, tónlistarstundum svo þessar stundir nýtist sem best ekki bara fyrir tvítyngd börn heldur fyrir öll börn á deildinni. Við ætlum að setja inn tíma í dagskipulagið þar sem tvítyngd börn fá stuðning í einstaklingskennslu (maður á mann) eða í fámennum hópum (tvö til þrjú börn). Við ætlum að vera dugleg að grípa tækifærið þegar það gefst til að vinna með tvítyngdum börnum hvort sem það er inn á deild eða maður á mann. Þurfum að gera skráningar um hvenær börnin komast í einstaklingskennslu eða í fámennum hóp svo við höfum góða yfirsýn yfir það hversu mikinn tíma hvert barn hefur fengið. Þurfum að skrá hjá okkur hvað það er sem á að taka og leggja á hjá hverju barni.

Deildarfundir: Í vetur var upplifun sumra starfsmanna að alltof mikill tími færi í að ræða sérkennslu börn og þeir fengju lítinn tíma til að koma sínum skoðunum á framfæri. Okkur langar til að breyta þessu þannig að raddir allra kennara á deildinni fái að heyrast. Ætlum að gera það með því að kennarar skiptast á að fá 15 mínútur af deildarfundum til að segja það sem brennur á þeim.

UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Útinám	Að öll börn fari minnsta kosti einu	Fara í minni hópum og líka stærri hópum.	Starfsmenn deildar	Sept. 2021	Júní 2022	Fá börnin til að vera meir í að ákveða hvað á að gera í útináminu, börnin meti það sem er	Börnin læri að bera virðingu fyrir hvort öðru, umhverfinu og

	sinni í viku í útinám					gert í útinámi t.d með demanti. Kennarar fari yfir á deildarfundum hvað gengur vel og hvað má betur fara	náttúrunni. Fá verkefni sem vekja forvitni þeirra, sköpun og hvetja þau til gagnrýnnar hugsunar, rannsókna og kannana.
Demantaaðferð	Gera Demant tvisvar á önn með börnunum. Að börnin skynji að þeirra upplifanir, skoðanir og sjónarmið skipti máli.	Í vinnustundum hver hópstjóri ber ábyrgð á sínum hóp. Börnin ræði það sín á milli með hópstjóra hvað það er sem þau vilja meta og taka ákvörðun um það hvað það er sem þau vilja meta hverju sinni.	Hópstjórar	Okt 2021	Júní 2022	Á deildarfundum ræði starfsmenn deildar hvort gera eigi demant í þeirri viku og starfsmenn minni hvort annað á að gera demant. Fá hjá börnunum hvort að þau vilji gera demant og þá hvað þau vilja endurmeta	Að bæði börn og kennarar fái betri yfirsýn yfir hvað það er sem höfðar til barnanna í leik og starfi
Uppeldi til ábyrgðar	Börnin finn hvort þau séu hjarta, stjarna, blaðra eða fiðrildi og þau viti hvað það er sem sem liggur á bak við hvern þátt. Markmið að hver barn læri að þekkja sitt sjálf betur , sínar þarfir og hafi meiri skilning á að þarfir okkar eru eins misjafnar og við erum mörg	Þemavinna að hausti, byrja að vinna í litlum hóp t.d í vinnustundum þar sem þetta er kynnt fyrir börnunum færa vinnuna síðan smátt og smátt út í stærri hópa eins og t.d tónlistarstundir, hreyfistundir og samverustundir. Með það að markmiði að þau þekki hvað hvert atriði stendur fyrir áður og verði búinn að staðsetja sig þar sem þau telja sig vera áður en Y spjöld eru gerð og deildarsáttmáli	Hópstjórar og annað starfsfólk á deildinni	Sept 2021	Nóv 2021	Starfsfólk deildinni kynni sér hugmyndafræði á bak við Uppeldi til ábyrgðar í undirbúningstímum eftir sumarfrí. Umræður á deildarfundum hvað gengur vel og hvað ekki. Byrja í litlum hópum eins og í vinnustund þar sem þetta er kynnt fyrir börnunum og eftir því sem þau öðlast meiri þekkingu að færa vinnuna út í stærri hópa. Endurmeta reglulega með barnahópnum hvernig þeim þessi vinna ganga og hvað þeim finnst betur mega fara, byrja á því að endurmeta í vinnustundarhóp og færa sig síðan út í stærri hóp eins og samverustundir.	Að börnin læri að þekkja sína styrkleika og veikleika. Að börnin hafi betri skilning á að við erum ekki öll eins og læri að virða mörk hvers annars. Að kennarar inn á deild þekki barnahópinn betur og séu tilbúnari að koma á móts við hæfni og getu hvers barns

Spila	Spila meira með börnunum inn á deild á deildartíma.	Að á deildartíma sé að minnsta kosti einn kennari sem bjóði upp spil.	Þeir starfmenn deildarinnar sem hafa gaman af því að spila kynni sér það sem er til, kynni það fyrir öðru starfsfólki deildar og hvetji aðra starfsmenn til að spila með börnunum	Sept 2021	Júlí 2022	Metið reglulega með börnunum hvaða spil þau vilja spila, hver eru skemmtileg og hvort það séu einhver spil sem þau óska eftir að leikskólinn eignist, að börnin fái að koma með spil að heiman sem þeim finnst gaman að. Þeir starfsmenn sem hafa notið undirbúningstíma sinn til að kynna sér þau spil sem til eru, fræði aðra kennara og hvetji þá áfram.	Börnin fái tækifæri til að tjá sig og eiga samskipti í gegnum spila. Þróa með sér samkennd, biðlund og hæfni í að lesa í umhverfi sitt. Styðja við málþroska barnanna með því að spila.
Félagsfærni	Að börnin öðlist góða hæfni og vilja til að eiga árangursrík og jákvæð samskipti við börn og kennara. Auka samkennd og tilfinninga þroska barna bæði fyrir sér og öðrum.	Umræður og verkefnavinna í litlum hópum t.d í vinnustund, útinámi í stórum hópum t.d í samverustundum Uppeldi til ábyrgðar, deildarsáttmáli, félagsfærnisögur, Tilfinningaspjöld, lesa sögur, spila, læra að setja sig í spor hvors annars eins og t.d. í hlutverkaleik, setja upp leikþætti þar sem þau setja sig í spor hvers annars.	Deildarstjóri Starfsmenn deildarinnar	Sept 2021	Júlí 2022	Endurmeta á deildarfundum einu sinni í mánuði hvað gengur vel og hvað ekki, hvað hefur áunnist og eru einhverjar aðrar leiðir sem virka betur. Kennarar geri samskiptamat fyrir hvert barn á deildinni. Ræða það við börnin og endurmeta hvernig þeim finnst félagsleg samskipti vera á deildinni og hvort þau hafi einhverjar lausnir svo öllum megi líða vel. Passa upp á að öll börn á fái að tjá sig svo raddir allra barna á deildinni heyrist. Taka vel á móti hverju barni svo þau finni og skilji að þau skipta öll máli fyrir okkur á leikskólanum.	Að minnka árekstra í barnahópnum, að öll börn öðlist öryggi inn á deildinni og skynji að rödd þeirra og vellíðan skipti máli. Að öll börn eignist vini sem þeim finnst gott að vera með. Að réttlætning og virðing einkenni félagsfærni í samskiptum barnanna og þau öðlist vilja og færni til að hafa jákvæð áhrif á umhverfið og samfélagið á deildinni
Deildarfundir	Gera deildarfundir markvissari og að allir fái að koma sínum	Starfsfólk fái 15 mín reglulega til að segja frá og noti hluta af undirbúningstíma sínum	Kennarar á deildinni	Sept 2021	Júní 2022	Endurmetið í lok haust og vorannar hvað gekk vel og hvað má betur fara	Að upplifun kennara á deildinni sé að lýðræðislegt samstarf sé á deildinni þar sem allir fái

	sjónamiðum að	til að undirbúa sig					tækifæri til að koma sínum skoðunum á framfæri og hlustað sé á þær. Kennarar deildar finni að skoðanir þeirra skipta máli fyrir deildina í heild.
Börn með íslensku sem annað tungumál	Örva málþroska , auka orðaforða svo þau hafi aukin samskipti og leiti meir í að leika við önnur börn, taki meiri þátt í og séu virkari í öllu starfi og leik sem fram fer á leikskólanum. Auka færni tvítengdra barna í að skilja, túlka og nota íslensku í leik og starfi bæði í leikskólanum og samfélaginu	Nýta stafræna tækni. Nota Gefðu tíu markvist þar sem tvö börn eru sett í forgang í hálfan mánuð og að allir kennarar séu meðvitaðir um það hvaða börn þetta eru og skrái það á viðeigandi blað þegar þeir telja sig hafa gefið þessum börnum tíu þann daginn. Hafa þau í litlum hópum eins og í vinnustundum, lestrarstundum eða að það séu fleiri en einn kennari með hópinn svo það sé hægt að styðja vel við þau. Setja stundir inn í dagskipulag deildar þar sem gert er ráð fyrir að tvítengd börn eigi málræktarstund með kennara annaðhvort í litlum hóp eða maður á mann allavega einu sinni í viku. Skrá niður hvenær börnin fara í málræktarstund, hvað er gert og hvernig gekk. Gera einn til tvo kennara ábyrga fyrir þessu og þeir koma því til	Deildarstjóri. Kennarar á deildinni	Sept 2021	Fjúní 2022	Meta á deildarfundum hvernig gengur. Skrá niður hvenær börnin fara, hvað á að leggja áherslu á hvað gekk vel og hvað ekki með skráningu ætti þetta að verða miklu markvissara. Gera einn kennara ábyrgan fyrir því að finna verkefni sem hentar hverju barni. Fá ráðleggingar og leiðsögn reglulega hjá sérkennslustjóra	Auka færni tvítengdra barna í að skilja, túlka og nota íslensku í leik og starfi bæði í leikskólanum og samfélaginu

		annara kennara á deildinni hvað er unnið með.					

Stutt greinagerð deildastjóra Grenilundar

Ég byrjaði sem nýr deildastjóri í ágúst 2020, það tók mig smá tíma að komast inn í deildarskipulagið, kynnast starfsfólkinu og börnunum. Mér fannst skipulagið á deildinni mjög gott en einhverju vildum við breyta og prufuðum við okkur áfram í því. Ég er ennþá að læra og þroskast sem deildarstjóri. Ég hlakka til að takast á við næsta skólaár og sé mörg tækifæri til að efla mig og þróast í mínu starfi.

Heilt á litið teljum við að seinasta skólaár hafi gengið vel hjá okkur, við náðum flest öllum okkar markmiðum. Hérna fyrir neðan kemur stuttleg úttekt á því sem gekk vel og því sem mætti betur fara hjá okkur á Grenilundi:

Útinám: hefur gengið vel hjá okkur, öll börn deildarinnar fór í útinám a.m.k 1x í viku. Börnunum var skipt í yngri og eldri börn.

Tónlist: Hefur gengið mjög vel hjá okkur, stundirnar hafa verið markvissar hjá okkur. Við skiptum deildinni upp í yngri og eldri hópa. Við ákváðum seinasta haust að hafa tvo fasta starfsmenn sem sinna hvorn hópnum fyrir sig og gekk það ótrúlega vel, þá gátu þeir starfsmenn undirbúið sig vel fyrir hverja stund.

Uppeldi til ábyrgðar: Unnum Y spjaldið með börnunum um það hvað þau vilja sjá, finna og heyra á leikskólanum. Við gerðum deildasáttmála í október líka. Við ætlum að vinna aðeins meira með börnin í næsta ár. Að þessu sinni unnu elstu börnin að gerð Y spjaldsins.

Lubbastund: Við teljum að við höfum náð markmiðum okkar frá því í fyrra, við byrjuðum með lubbastund í september eftir sumarfrí, þá byrjuðum við lubbastund í einum stórum hóp. Ég sá fljótt að mörg börn fengu ekkert út úr þessum stundum og taldi ég það vegna þess að hópurinn væri of stór. Við byrjuðum í október að hafa fastar lubbastundir á mánudögum og skiptum deildinni í tvo hópa í hverjum hóp voru þá einungis 9 börn, þar af leiðandi fékk hvert og eitt barn að njóta sín í þessum mikilvægu stundum. Einnig vinnum við með hljóðkerfin í vinnustundum og þar eru enn smærri hópar.

Vinnustundir: Þær hafa gengið vel að mestu hjá okkur, við vorum sammála um að við mættum vera kannski meira undirbúnari fyrir hverja stund en það voru nokkrar stundir sem við vorum kannski ekki

nógu vel undirbúin fyrir. Áður er stytting vinnuvikunnar var þá vorum við með vinnustundir á hverjum degi eftir hádegismatinn en þegar við tókum upp styttinguna færðum við vinnustundir til klukkan 9 á morgnana. Það var margt sem gerði það að verkum að við gátum ekki haft vinnustundir það var lubbastund, deildarfundir og föstudagsfjör þannig að oft vorum við ekki með vinnustundir nema 2-3 í viku sem er að okkar mati of lítið.

Þemavinna: Gekk mjög vel hjá okkur í vetur. Búið var að ákveða fyrirfram þema fyrir hvert tímabil og erum við viss um að það hefur hjálpað mikið. Við náðum að undirbúa okkur vel fyrir hvert þema tímabil og því vel undirbúin fyrir vinnu með börnunum.



UMBÓTAPÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	d	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Textann í þessari línu má taka út, aðeins til leiðbeiningar	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmum við það?	Hver ber ábyrgð, Hver framkvæmir			Hvaða aðferðir á að nota? (könnun,rýnihópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
Vinnustund	Að öll börn fari 4x í viku í vinnustundir, vinna með málörvun tölur, form, fínhreyfingar	Vinnustundir verða 4x í viku í skipulagi hjá okkur. Í hverri viku munum við setja fram áherslur í vinnustundum.	Deildastjóri og allir starfsmenn deildar sem eru með vinnustundarhóp.	Ágúst 2021	Mái 2022	Endurmeta með börnunum í hverjum hópi hvað þau vilja gera í vinnustund. Deildarfundir ræða hvernig gengur í vinnustundum.	Að börn séu búin að ná ákveðinni færni sem ákveðin er í upphaf skólaárs. Unnið með tras lista.
Ferilmappa	Að vera duglegri að setja skráningar í ferilmöppu barnanna. Vinna strax þau verkefni sem við og börnin viljum að fari í möppuna.	Hver og einn starfsmaður passi uppá sinn hóp að öll þau verkefni sem eiga að fara í möppuna fari strax þangað.	Starfsfólk deildar.	Ágúst 2021	Mái 2022	Hver hópstjóri passi uppá möppur hjá sínun börnum, fari yfir þær reglulega. Bera þær saman reglulega á deildarfundum.	Áframhaldandi vel unnar ferilmöppur

Listalundur	Að vera undirbúnari fyrir hverja stund í listalundi. Og að hvert og eitt barn fái að fara í listalund a.m.k 1x í viku.	Starfsfólk deildar haldi utan um að hvert barn fái að fara í listalund a.m.k 1x sinni í viku. Setja niður skipulag yfir hvaða kennari sjái um svæðið hverju sinni og halda skráningu yfir hvenær börnin fara þangað.	Starfsfólk deildar.	Ágúst 2021	Maí 2022	Einn starfsmaður á deildinni sjái um að halda utan um vinnu í listalundi. Sjái til þess að börnin fái að kynnast listsköpun og fái góða færni í því. Umræða á deildarfundum 1x í mánuði.	Börnin fá tækifæri til að móta, miðla, búa til, skapa og tjá sig með fjölbreyttum hætti. Í sköpun fá börnin tækifæri til skapandi hugsunar og sjálfstæðra vinnubragða.
Spila með börnunum	Spila með öllum börnum 2-3 í viku.	Skipta börnunum upp í minni hópa, börnin velja í sameiningu spil sem þeim langar að spila saman, kenna þeim að spila með spilastokk	Starfsfólk deildar	Ágúst 2021	Maí 2022	Allir starfsmenn verði virkir í að spila með börnunum, bjóða þeim í frjálsa leiknum og í vinnustund að spila saman.	Börnin eiga samskipti í gegnum spil, læri biðlund og að vera saman í hópi.

Stutt greinargerð deildarstjóra Reynilundar

Veturinn 2020-2021 var um margt óvenjulegur á Reynilundi. Það voru yngri börn á deildinni en vant er og óvenju mörg börn sem byrjuðu á deildinni um haustið eða alls sautján af nítján börnum. Covid setti vissulega mark sitt á leikskólastarfið líkt og árið áður. Talsverðar breytingar voru í starfsmannahópnum. Um áramót urðu deildarstjóraskipti og talsvert reyndi á að láta allt ganga upp enda hluti af starfsfólki innan deildar í hlutastarfi og þá kom einnig stytting vinnuvikunnar til framkvæmdar sem tók tíma að fínþússa svo að allt gengi sem best fyrir sig og sem minnst rask yrði á skipulögðu starfi.

Aðlögun barnanna síðastliðið haust var skipt í tvennt. Fyrst komu börnin af Furulundi til okkar með starfsmanni þaðan í fimm daga og svo voru þau ein með starfsfólki Reynilundar í viku áður en að

börnin sem komu ný inn í leikskólann byrjuðu í aðlögun. Liður í því að auðvelda aðlögun barnanna var sá að þau sem færðust til okkar frá Furulundi væru orðin nokkuð heimavön áður en að nýju börnin kæmu í aðlögun. Þessi skipting reyndist vel og við ætlum að nýta það aftur næsta haust. Aðlögunin var með breyttu sniði vegna Covid og gekk hún betur en við þorðum að vona. Að sjálfsögðu bindum við vonir við að nú fari þessu ástandi að ljúka og að leikskólastarf geti verið með eðlilegum hætti næsta vetur.



Samverustundir. Í söngstundum sem eru tvisvar sinnum á dag er allur hópurinn saman, það reyndist vel í vetur. Í sögustundum var börnunum skipt upp í þrjá hópa eftir skilningi þeirra og getu til þess að sitja og hlusta. Áhersla var lögð á að vera vakandi fyrir því að færa börn á milli hópa eftir þörfum. Þegar leið á veturinn og börnin orðin færari höfðum við tvo hópa og það gekk með ágætum. Þetta fyrirkomulag reyndist mjög vel og stefnum við á að nýta það aftur næsta vetur.

Útinám. Börnunum var skipt upp í þrjá hópa í útinámi til að byrja með. Þau eldri voru í tveimur hópum og þessi yngri saman í hóp. Til að byrja með snýst útinámið að mestu um að læra að fara út fyrir leikskólalóðina og skoða nánasta umhverfi. Þau eru að læra að fara í ferðir og halda hópinn. Fyrir áramót fóru þau eldri einu sinni í viku en þessi yngri sjaldnar. Í svartasta skammdeginu þegar veður var sem verst var minna um útinám en eftir áramót þegar börnin voru orðin vanari fótum við að skipta þeim í tvo hópa og það gekk ágætlega. Megin áherslan í útináminu var að gera ýmis

verkefni tengd náttúrunni og að skoða nánasta umhverfi okkar, það tengdist þeirri þemavinnu sem hefur verið í gangi síðustu tvo vetur- Áttthagar og landslag. Að höfðu samráði við börnin var ákveðið að leggja áherslu á svæðið í kringum tjörnina í Seljahverfinu. Við skoðuðum breytingarnar á landslagi tjarnarinnar og litina í náttúrunni eftir árstíðum, dýralífið í kringum hana. Börnin unnu svo sameiginlegt verkefni, Tjörnin okkar sem foreldrar gátu skoðað á Skógardeginum 6.maí s.l. Þegar fór að vora og veður að batna fórum við í ferðir með allan hópinn sem gekk mjög vel. Útinámið verður áfram í umbótaáætlun Reynilundar fyrir næsta ár, því við viljum alltaf gera betur og stefnum að því að öll börn fari í það minnsta vikulega í útinám.

Eitt af þeim umbótaverkefnum sem Reynilundur stefndi að veturinn 2020-2021 var að bæta leikstund í fataklefanum að lokinni sögustund hjá þeim börnum sem ekki sofa. Við endurmat með börnunum í fyrra kom í ljós að þeim þætti erfitt að leika sér þar að lokinni sögustund. Við höfum unnið markvisst að því að bæta þessa stund en aðra hvora viku höfum við salinn í hádeginu og nýtum hann til þess að fara í hópleiki hina vikuna nýtum við fataklefann. Með auknu samstarfi á milli deilda í Borg höfum við nýtt salinn sameiginlega að lokinni lestrarstund, auk þess sem hluta barnanna er boðið inn á deild í sérstök verkefni, þar má nefna listsköpun, spil og fínhyrfinga verkefni. Þá daga sem veðrið hefur verið gott höfum við nýtt garðinn okkar og þessum hóp boðið að farið snemma í útiveru.

Börnin eru öll saman í hóp í Lubbastundum. Í hverri viku er eitt málhljóð tekið fyrir en stundirnar eru tvisvar sinnum í viku og því er farið í sama málhljóðið tvisvar sinnum. Það hefur verið unnið markvisst með Lubba í vetur og við erum mjög ánægðar með það hversu vel hefur gengið.

Hreyfistundir hafa gengið ágætlega í vetur en því miður hafa þær dottið upp fyrir of oft en við vorum bundin við ákveðinn tíma með þær sem erfitt var að hnika til vegna þess hvenær salurinn er bókaður. Helsta ástæða þess að stundirnar hafa dottið út er vegna þess að við höfum ekki haft nægt starfsfólk inni á deild á þeim tíma sem við áttum salinn bókaðan. Þegar leið á vorið fengum við tímanum breytt og þá fór að ganga betur að hafa hreyfistundir vikulega. Á umbótaáætlun Reynilundar fyrir næsta skólaár verður að halda hreyfistundum inni vikulega fyrir hvert barn og vinna að ákveðnu hreyfiþema að lágmarki tvisvar sinnum yfir veturinn.

Tónlistarstundir hafa ekki verið markvissar í vetur en þó er þeim blandað inn í annað dagsskipulag eins og samverustundir, vinafundi og svo óreglulega eins og í föstudagsfjöri af og til. Sem hluta af almennri málörvun, höfum við verið með þulur á borðum sem við förum með saman áður en við borðum, hver þula er á borðinu í u.þ.b. 3-4 vikur. Það er vilji fyrir því innan deildarinnar að skipuleggja markvissar málörvunarstundir allan veturinn þar sem við skiptum börnunum niður í minni hóp og hver kennari verði með fámennan hóp í einu í ákveðnu þema hverju sinni. Tónlistarstundir falla þar undir enda er tónlist mjög góð leið til málörvunar og því fellur það vel saman að samþætta markvissa

málörvun með tónlistarstundum. Með því að kenna börnum þulur og söngva erum við að leggja inn orðaforða og kenna börnunum framburð og varðveitum menningararfinn um leið. Að auki þjálfast málhljóðagreining við tónlistariðkun og forlestrarfærni eflist við rytmapjálfun. Rím eru ákaflega góð leið til þess að þjálf hljóðkerfisvitund barna og eru því mikilvæg leið til málörvunar. Góð hljóðkerfisvitund er mikilvægur grunnur að lestrarnámi barna síðar og því stefnum við að því að leggja okkur fram um að vera með mjög markvissa málörvun í gegnum leik, tónlist og söng á Reynilundi næsta vetur.

Deildarstjórar í Borg hafa tekið höndum saman og með auknu samstarfi á milli deilda hefur okkur gengið vonum framár að takast á við miklar áskoranir í starfinu á liðnum vetri. Við horfum björtum augum til komandi skólaárs og sjáum mörg tækifæri framundan til þess að bæta starfið enn frekar og ná settum markmiðum. Við á Reynilundi hlökkum til að taka á móti nýjum hópi barna í haust, mæta hverjum einstaklingi þar sem hann er staddur og hjálpa hverjum og einum til náms og aukins þroska.

UMBÓTAPÆT TIR Reynilundur	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Hvað þarf að bæta	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmu m við það?	Hver ber ábyrgð, Hver framkvæ mir			Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýnihó pur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
Útikennsla	Að öll börn fari í útikennslu 1 sinni í viku.	Tveir starfsmenn fara saman með fámennan barnahóp í einu. Fækka hópum eftir því sem líður á skólaárið.	Deildarstj óri og starfsmen n	Haust 2021	Vor 2022	Á deildarfundum og eftir þörfum.	Fjölbreytt námsumhver fi. Að börnin læri að umgangast og tengjast náttúruna og að styrkja líkamann.
Markviss málörvun	Að auka orðaforða, framburð og skilning.	Ítreka að starfsfólk fari eftir skipulagi fyrsti starfsmaður fer út þegar	Deildarstj óri og starfsmen n	Þrisvar sinnum í viku frá því skipulagt starf hefst	Vor 2022 þegar að skipulög ðu starfi líkur.	Umræður á deildarfundum og endurmat með börnum. Niðurstöður málþroskaprófa	Starfsfólk sinnir þessu af fagmennsku og samvissusem i. Börnin sýni

		3-4 börn eru tilbúin					áhuga og njóti stundanna.
Tónlistarstundir	Að öll börn fari í skipulagðar tónlistarstundir sem gleðja börnin, efla félagsfærni þeirra og þjálfni málhljóðagreini ngu og hljóðkerfisvitund.	Setja inn skipulagðar tónlistarstundir í dagsskipulagið þar sem börnin eru í fámennum hópum.	Deildarstjóri og starfsmenn	Vikulegar stundir fyrir hvert barn.	Vor 2022 Þegar að skipulögðu starfi líkur.	Á deildarfundum og eftir þörfum og endurmat með börnum.	Börnin njóti stundanna og samskipti gangi vel í barnahópnum. Starfsfólk leggi metnað í vandaðar tónlistarstundir.
